

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, föstudaginn 10. júní kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 872. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Birkir Ingibjartsson, Brynja Kemp Guðnadóttir, Olga Guðrún B Sigfúsdóttir, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir og Lilja Grétarsdóttir.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Gerðarbrunnur 46, Einbýlishús** (50.547.02) Mál nr. BN060415
Skjalnr. 14605
Hálf dán Kristjánsson, Furuás 1, 221 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júní 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 46 við Gerðarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. júní 2022, samþykkt.
- Iðunnarbrunnur 1-3, 1 - Reyndarteikningar, breytingar á kjallara** (26.934.04) Mál nr. BN060146
Skjalnr.
Ragnar Logi Magnason, Iðunnarbrunnur 1, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN036177 vegna lokaúttektar þannig að lagnakjallara hefur verið breytt í kjallara með fullri lofthæð, rými 0001, og gert innangengt úr íbúð með því að framlengja stiga á milli hæða, herbergjum fækkað um eitt á 1. hæð og forstofa stækkuð sem því nemur auk þess sem bætt hefur verið við herbergi og salerni á 2. hæð í íbúð 0101 í parhúsi nr. 1 á lóð nr. 1 við Iðunnarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
- Laugarnesvegur 75, Stækkun húss - ný hæð** (13.452.04) Mál nr. BN060931
Skjalnr. 14566
Anna Birna Guðlaugsdóttir, Laugarnesvegur 75, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja eina hæð ofan á núverandi hús og byggja yfir núverandi tröppur við aðalinngang á húsi á lóð nr. 75 við Laugarnesveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. júní 2022, samþykkt.

4. **Hraunbær 102A, (fsp) breyting á notkun** (04.343.3) Mál nr. SN220353
Skjalnr. 7488
Magnús Kristinsson, Steinás 10, 210 Garðabær
Columbus Classis ehf., Ægisíðu 70, 107 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Magnúsar Kristinssonar dags. 7. júní 2022 um breytingu á atvinnuhúsnæði á lóð nr. 102A við Hraunbæ, að hluta í íbúðir á jarðhæð bakatil og að hluta í smærri verslanir sem er í samræmi við aðrar verslanir í húsinu, samkvæmt skissum á byggingarnefndarteikningum.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Rituhólar 5, (fsp) auka íbúð** (04.646.601) Mál nr. SN220351
Skjalnr. 7394
Aldís Ívarsdóttir, Rituhólar 5, 111 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Aldísar Ívarsdóttur dags. 2. júní 2022 um að gera auka íbúð á sér fasteignanúmeri í húsi á lóð nr. 5 við Rituhóla, samkvæmt skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Vesturberg 78, Breytingar** (04.662.803) Mál nr. BN060832
Skjalnr. 13102
Vesturberg 78, húsfélag, Vesturbergi 78, 111 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta íbúð þar sem áður var leikherbergi og þvottaherbergi, innrétta þvottaherbergi þar sem áður var sorpgeymsla og til að breyta hjólageymslu í geymslu fyrir nýja íbúð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 78 við Vesturberg.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022 samþykkt.
7. **Alþingisreitur, Stækkun 5. hæðar** (01.141.1) Mál nr. BN060950
Skjalnr. 9486
Alþingi, Kirkjustræti, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að stækka fimmtu hæð til austurs í nýju skrifstofuhúsi alþingis, mhl.07, við Tjarnargötu 9 á lóðinni Alþingisreitur.
Neikvætt. Ekki eru þó gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.
8. **Einarsnes 66B, breyting á deiliskipulagi** (01.673) Mál nr. SN220198
Skjalnr. 14627
a2f arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Svafa Arnardóttir, Einarsnes 66, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lögð fram umsókn a2f arkitekta ehf. dags. 11. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Einarsnes, ásamt síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 66B við Einarsnes. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir íbúðahús á 1. hæð minnkar og byggingarreitur á 2. hæð stækkar, fallið er frá kröfu um að draga 2. hæð inn, meiri þakhalli er leyfður á bílageymslu og byggingarmagn og nýtingahlutfall breytast, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupph. a2f arkitekta ehf. dags. 6. apríl 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt samþykki hagsmunaaðila mótt. 9. júní 2022.
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Einarsnes 64, 64A, 66-66A, 68 og 70.
Bauganes 31 og 29.
Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr. og 12. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
Þar sem samþykki hagsmunaaðila, mótt, 9. júní 2022, liggur fyrir er erindið samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Breytingin verður send í B-deild Stjórnartíðinda þegar greiðsla hefur verið innt af hendi.*

9. **Karfavogur 25, (fsp) gólfkóti bílskúrs** (01.441.2) Mál nr. SN220288
Skjalnr. 14645
Daði Hannesson, Karfavogur 25, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Daða Hannessonar dags. 13. maí 2022 um hvort það samræmist deiliskipulagi Vogahverfis að gólfkóti bílskúrs á lóð nr. 25 við Karfavog verði 30,9 m. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir ódags. Þar sem hæðarmælingar koma fram, mæliblað fyrir lóðina dags. 9. maí 2022 og gildandi deiliskipulag frá 2010. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 9. júní 2022, samþykkt.
10. **Laugalækur 2-6, (fsp) stækkun húss** (01.347.0) Mál nr. SN220194
Skjalnr. 7658
THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn THG Arkitekta ehf. dags. 8. apríl 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 2-6 við Laugalæk, samkvæmt frumtillögu THG Arkitekta ehf. ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Nesvegur 65, (fsp) stækkun húss** (01.531.0) Mál nr. SN220314
Skjalnr. 9838
Elín Sólveig Steinarsdóttir, Nesvegur 65, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Elínar Sólveigar Steinarsdóttur dags. 20. maí 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 65 til suðurs, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022.
Ekki er gerð athugasemd við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022.
12. **Réttarholtsvegur 21-25, Færanleg stofa** (18.323.01) Mál nr. BN061056
Skjalnr. 10665
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júní 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir færanlegri kennslustofu K132-J og mun hún þjóna sem vinnustofa fyrir tónlistaraðstöðu fyrir Réttarholtsskóla á lóð nr. 21-25 við Réttarholtsveg. Um er að ræða áðurgerða framkvæmd. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Langagerði 12, 14, 16, 18, 36, 38, 40, 58, 60, 62, 80, 82, 84, 102, 104, 106 og 122, Tunguvegi 30, 32, 34, 36, 38, 40, 42, 44 og 46, Ásgarði 55, 57, 59, 61, 63, 65, 67, 69, 71, 73, 75, 77, 95, 97, 99, 101, 103, 105, 107, 109 og 111 og Réttarholtsvegi 27, 29, 31, 33, 35, 37, 39, 41 og 43.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
13. **Sogavegur 104, (fsp) bílastæði** (01.815.2) Mál nr. SN220322
Skjalnr. 14652
Pawel Piotr Mielnik, Ásgarður 109, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júní 2022 var lögð fram fyrirspurn Pawel Piotr Mielnik dags. 27. maí 2022 um að breyta lóð fyrir framan húsið að Sogavegi 104 í bílastæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.

14. **Túngata 15, Færanlegar kennslustofur** (11.600.06) Mál nr. BN061055
Skjalnr. 13929
Landakotsskóli ses., Túngötu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 3. júní 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059357, þ.e. bæta við þremur færanlegum kennslueiningum ásamt tengigangi og salerniseiningu við hús á lóð nr. 15 við Túngötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022.
Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dag. 9. júní 2022.
15. **Bæjarflöt 19, Stoðveggir, bílastæði, fjölgun og fækkun eignar og svalir.** (02.578.4) Mál nr. BN060438
Skjalnr. 13881
Þvergil ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN059285, þannig að frágangi lóðar er breytt, bílastæðum er fjölgað um 5, stiga og gluggum er breytt, auk þess sem eignum er fjölgað úr 6 í 7 í húsum A og B og eignum fækkað úr 6 í eina eign og svalir færðar á húsi C og og skráningartafla uppfærð fyrir hús A, B og C á lóð nr. 19 við Bæjarflöt.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Freyjugata 16, (fsp) hækkun húss og breyting á kvisti** (01.186.2) Mál nr. SN220235
Skjalnr. 14568
Eldjárn Árnason, Hjallabraut 60, 220 Hafnarfjörður
B35 ehf., Skipholti 50D, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Eldjárns Árnasonar dags. 27. apríl 2022 um hækkun hússins á lóð nr. 16 við Freyjugötu um eina hæð ásamt því að breyta kvisti á framhlið hússins, samkvæmt uppdr. Arktika dags. 16. apríl 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022.
Ekki gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 9. júní 2022.
17. **Laugavegur 86-94, (fsp) nr. 90 - rekstur veitingastaðar** (01.174.3) Mál nr. SN220329
Skjalnr. 7278
Björn Guðmundsson, Hraunbær 14, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Björns Guðmundssonar dags. 27. maí 2022 um rekstur veitingastaðar að Laugavegi 90, lóð nr. 86-94 við Laugaveg. Einnig er lögð fram skissa á byggingarnefndarteikningu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Seljugerði 10, Stækkun svala** (18.061.10) Mál nr. BN060676
Skjalnr. 14626
Andri Hlynur Birgisson, Seljugerði 10, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. apríl 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. mars 2022 þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja svalir og stækka þær til suðurs úr stálgrind, klæddar áklæðningu með svalagólfi úr timbri í stað steyptra svala, á húsi á lóð nr. 10 við Seljugerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt leiðréttri umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 9. júní 2022, samþykkt.

19. **Skipasund 77, (fsp) stækkun húss og fjölgun íbúða** (01.413) Mál nr. SN220226
Skjalnr. 14633
Sundasteinn ehf., Efstasundi 49, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lögð fram fyrirspurn Sundasteins ehf. dags. 25. apríl 2022 ásamt greinargerð dags. 15. apríl 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 77 við Skipasund og fjölgun íbúða úr einni íbúð í þrjár, samkvæmt uppd. Sunnefu Gunnarsdótturdags. 18. apríl 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022.
Jákvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022.
20. **Suðurlandsbraut 30, staðsetning ökutækjaleigu** (01.265.0) Mál nr. SN220315
Skjalnr. 9731
Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lagt fram erindi Samgöngustofu dags. 20. maí 2022 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Írisar Hrundar Sigurðardóttir f.h. Lagningu bílaleigu um að reka ökutækjaleigu að Suðurlandsbraut 30. Sótt er um leyfi fyrir allt að 10 ökutækjum til útleigu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, 7. júní 2022, samþykkt.
21. **Sörlaskjól 10, Forstofa, færa aðalinngang** (15.322.12) Mál nr. BN059642
Skjalnr. 14565
Arnar Orri Bjarnason, Sörlaskjól 10, 107 Reykjavík
Halla Harðardóttir, Sörlaskjól 10, 107 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa 12. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja forstofu við norðurhlið og breytingar á innra skipulagi húss á lóð nr. 10 við Sörlaskjól. Erindi var grenndarkynnt frá 9. maí 2022 til og með 7. júní 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
22. **Grjótháls 8, (fsp) niðurrif og uppbygging** (04.301.201) Mál nr. SN220246
Skjalnr. 9734
DAP ehf, Litlu-Tungu, 276 Mosfellsbær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Guðmundar Odds Víðissonar dags. 1. maí 2022 ásamt bréfi dags. 2. maí 2022 um að rífa núverandi þvottabása á lóð nr. 87 við Grjótháls og reisa þess í stað þvottastöð ásamt einum yfirbyggðum þvottabás, samkvæmt tillögu DAP ehf. ódags. Einnig er lagður fram uppdráttur. DAP ehf. (afstöðumynd, grunnmynd, 3d) ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dag. 10. júní 2022, samþykkt.

23. **Hrísateigur 18, breyting á deiliskipulagi** (01.346.2) Mál nr. SN220071
Skjalnr. 13935
Myrra Leifsdóttir, Hrísateigur 18, 105 Reykjavík
Magnús Albert Jenson, Langagerði 88, 108 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Magnúsar Alberts Jensonar dags. 4. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Teigahverfis norðan Sundlaugavegar vegna lóðarinnar nr. 18 við Hrísateig. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til norðausturs og heimilt er að vera með svalir og stiga niður í garð á suðausturgafli hússins ásamt því að breyta bílskúrum á lóð í vinnustofur/geymslur, samkvæmt uppr. teiknistofu Magnúsar Jensonar dags. 4. febrúar 2022. Tillaga var grenndarkynnt frá 9. maí 2022 til og með 7. júní 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
24. **Síðumúli 10, nýtt Geymsluhús** (12.923.01) Mál nr. BN060857
Skjalnr. 9761
Búseti húsnæðissamvinnufélag, Síðumúla 10, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. apríl 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. apríl 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja geymslu sem verður mhl. 02, suðvestan megin við mhl. 01 og gera glugga á norðvesturhlið og suðvesturhlið húss á lóð nr. 10 við Síðumúla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. maí 2022. Lagt fram að nýju ásamt lagfærðum uppráttum dags. 9. júní 2022.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Síðumúla 8 og 12.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1551/2021.
25. **Starengi 2, Stækkun húss** (23.840.01) Mál nr. BN060638
Skjalnr. 9975
Valgarður Zophaníasson, Litlíkriki 24, 270 Mosfellsbær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja nýja hæð fyrir lager og skrifstofur, með aðgengi um utanáliggjandi stiga við suðurhlið, ofan á verslunarhúsi á lóð nr. 2 við Starengi. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. júní 2022, samþykkt.
26. **Almannadalur 9, Hesthús** (05.865.501) Mál nr. BN060970
Skjalnr. 12413
Hannes Þór Jónsson, Klausturhvamur 38, 220 Hafnarfjörður
Arnar Þór Jónsson, Reykjavíkurvegur 7B, 220 Hafnarfjörður
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hesthús, fjögur rými í einni lengju á tveimur hæðum, kaffistofa og stoðrymi á efri hæð í húsi nr. 9 á lóð nr. 9-15 við Almannadal.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

27. **Auglýsingaskilti við Lönguhlíð, Standur** (04.321) Mál nr. BN060324
fyrir auglýsingaskilti Skjalnr. 7192
DENGSI ehf., Bolholti 4, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir uppsetningu auglýsingaskiltis á steyptri undirstöðu á borgarlandi vestanmegin Lönguhlíðar, sunnan við gatnamót að Bólstaðarhlíð. Erindi var grenndarkynnt frá 9. maí 2022 til og með 7. júní 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Þuríður Höskuldsdóttir dags. 10. maí 2022, Guðrún Sigríður Sigurðardóttir dags. 12. maí 2022, Guðrún Sigurðardóttir f.h. Húsfélagsins Lönguhlíð 7, 9, 11 dags. 13. maí 2022, Björn Hrannar Björnsson og Karin Schmitz dags. 15. maí 2022, Ásdís Auðunsdóttir dags. 27. maí 2022, Þórey Sigþórsdóttir dags. 3. júní 2022, Breki Karlsson og Steinunn Þórhallsdóttir dags. 3. júní 2022, Sigríður V. Jónsdóttir og Leó Alexander Guðmundsson dags. 3. júní 2022, Kristín Una Sigurðardóttir dags. 3. júní 2022, Hildur Sigrún Valsdóttir dags. 3. júní 2022, Hafdís Rós Jóhannesdóttir dags. 3. júní 2022, Ylfa Árnadóttir dags. 3. júní 2022, Þórarinna Söebeckh dags. 3. júní 2022, Þórunn Sif Þórarinsdóttir dags. 3. júní 2022, Una Eydís Finnsdóttir dags. 3. júní 2022, Gunnar Hörður Garðarsson dags. 3. júní 2022, Inga Hrund Gunnarsdóttir dags. 3. júní 2022, Bjarni Hjartarson dags. 3. júní 2022, Elísabet Ólafsdóttir og Einar Helgason dags. 3. júní 2022, Nína Fridriksdóttir dags. 4. júní 2022, Guðmundur Þórir Sigurðsson, Helga Skúladóttir og Kristinn Hrafnsson f.h. húsfélagsins Miklabraut 68, 70 og 72 dags. 4. júní 2022, Guðmundur Þórir Sigurðsson dags. 4. júní 2022, Guðmundur Guðnason dags. 4. júní 2022, Ásgeir Beinteinsson f.h. hússtjórnar Lönguhlíð 13, 15 og 17 dags. 5. júní 2022, Justine Vanhalst dags. 5. júní 2022, Freyr Pálsson dags. 6. júní 2022, Sigurlaug Helga Teitsdóttir dags. 6. júní 2022, Tómas Joensen dags. 6. júní 2022, Guðmunda Kristjánsdóttir dags. 6. júní 2022, Einar Skúlason dags. 7. júní 2022 og Eva Rut Hjaltadóttir dags. 7. júní 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júní 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Austurkot í Kollafirði, ósk um leiðréttingu á** (34.2) Mál nr. SN220355
skráningu húsnæðis Skjalnr. 10173
Lögð er fram fyrirspurn Hjördísar Hendriksdóttur dags. tölvupósts 21. mars 2022 ásamt greinargerð ódags. þar sem óskað er eftir að skráning skv. gildandi deiliskipulagi Mógilsá-Kollafjarðar, verði leiðrétt fyrir lóðina Austurkot (fastanúmer 2085301) þannig að lóðin verði skráð í deiliskipulagi sem lóð fyrir íbúðir en ekki sem sumarhúsaland. Lögð eru fram gögn þess efni sem sýna að greitt hafa verið fasteignagjöld af húsnæðinu sem einbýlishús á íbúðarhúsalóð. Um er að ræða 66 fm einbýlishús sem vantar nýjar veitulagnir og Veitur neita að koma að málinu þar sem skráning á húsinu/ lóðinni er sumarhús skv. skipulagi. Þannig er óskað eftir að deiliskipulagi verði breytt í samræmi við þá ósk um leiðréttingu sem er nefnd hér að framan.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
29. **Brekknaás, framkvæmdaleyfi** (47) Mál nr. SN220346
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík Skjalnr. 5183
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 2. júní 2022 um framkvæmdaleyfi vegna gatna- og stígagerðar í nýjum íbúðakjarna við Brekknaás. Einnig er lagt fram teikningasett dags. 1. apríl 2022.
Vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra.

30. **Elliðaárdalur, breyting á deiliskipulagi** (04.2) Mál nr. SN220347
Skjalnr. 5813
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breyting á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni felst að bætt er við tengistíg frá Rafstöðvarvegi 1A (jarðhús ofan Ártúnsbrekku) og til suðurs að núverandi stofnstíg sunnan aðkomuvegar að Rafstöðvarvegi 1A, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 1. júní 2022.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
31. **Kjalarnes, Jörfi/Norðurgrund, breyting á deiliskipulagi** (32.472.0) Mál nr. SN220294
Skjalnr. 13127
Lögð fram drög að tillögu tillögu Arkþing/Nordic f.h. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 2. júní 2022 er varðar breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í tillögunni felst uppbygging á íbúðarhúsnæði fyrir allt að 77 íbúðir á á 2-3 hæðum á nýjum lóðum sem eru skilgreindar innan íbúðarsvæðis ÍB57 skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Hluti þeirra eru atvinnulóðir skv. gildandi deiliskipulagi.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
32. **Silfursléttu 9, breyting á deiliskipulagi** (03.453.5) Mál nr. SN220354
Skjalnr. 14557
Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur
Esju-Einingar ehf, Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Landmótunar sf. dags. 8. júní 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi athafnasvæði á Esjumelum vegna lóðarinnar nr. 9 við Silfursléttu. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar til suðausturs, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 18. maí 2022.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
33. **Rökkvatjörn 6-8, breyting á skilmálum deiliskipulags** (05.052.3) Mál nr. SN220316
Skjalnr. 14012
R68 ehf., Ármúla 3, 108 Reykjavík
T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lögð fram umsókn Ásgeirs Ásgeirssonar dags. 23. maí 2022 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 6-8 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að heimilt er að svalir á suðurhlíð hússins skagi út fyrir byggingarreit lóðarinnar, samkvæmt tillögu dags. 12. apríl 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs til afgreiðslu.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.
34. **Úthlíð 7, hækka ris og gera íbúð** (12.701.10) Mál nr. BN061020
Skjalnr. 13546
Ragnar Örn Steinarsson, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Sólrun W Kamban, Úthlíð 7, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 24. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og svalir og gera íbúð í risi fjölbýlishúss á lóð nr. 7 við Úthlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. júní 2022, samþykkt.

35. **Fornhagi 1, nýtt deiliskipulag** (01.542.1) Mál nr. SN220141
Skjalnr. 11171
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla að Fornhaga 1. Í tillögunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir uppsetningu tímabundinna færanlegra eininga fyrir kennslu og starfsmannahald á lóð, samkvæmt uppdr. Hornsteina arkitekta ehf. dags. 18. mars 2022. Tillagan var auglýst frá 20. apríl 2022 til og með 7. júní 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
36. **Urðarstígur 10, Viðbygging** (01.186.4) Mál nr. BN061027
Skjalnr. 13121
Sigríður Kjaran Magnúsdóttir, Urðarstígur 10, 101 Reykjavík
Magnús K Sigurjónsson, Ölversholt 1, 851 Hella
Þórunn Benjamínsdóttir, Ölversholt 1, 851 Hella
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi, breyta notkun bílskúrs mhl.02, byggja einlyfta viðbyggingu úr timbri við vesturhlið einbýlishúss, mhl.01, og að gafli aðliggjandi húss nr. 16 við Bragagötu, á lóð nr. 10 við Urðarstíg.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
37. **Hringbraut Landsp., Bílastæða-/tæknihús 8. hæðir** (01.198.901) Mál nr. BN061062
Skjalnr. 9942
Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 7. júní 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa steinsteypt 8 hæða bílastæða- og tæknihús, þar af þrjár neðanjarðar, fyrir 510 bíla og 199 hjólastæði við Burknagötu nr. 30 sem verður mhl. 52 á lóð Landsspítalans við Hringbraut.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
38. **Sogavegur 3, stækkun lóðar** (01.810.9) Mál nr. SN220189
Skjalnr. 9759
Djúpidalur ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. apríl 2022 var lögð fram umsókn Djúpadals ehf. dags. 30. mars 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 3 við Sogaveg, samkvæmt uppdrætti K.J.ARK ehf. dags. 22. mars 2022. Einnig eru lögð fram mæliblað og hæðarblað gefin út í apríl 2011. Jafnframt er lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, Landupplýsingardeildar, dags. 2. júní 2022 ásamt breytingarblaði og mæliblaði dags. 2. júní 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísa til skipulags- og samgönguráðs til afgreiðslu.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1551/2021, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.
39. **Ármúli 38, Breyta í íbúð - mh.02 3.hæð** (12.951.01) Mál nr. BN060263
Skjalnr. 13557
Líklega breyting á erindi BN058595 - Grenndarkynna þarf br.
JIG Málun ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. maí 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 0302, matshluta 02, úr skrifstofu í íbúð í húsi á lóð nr. 38 við Ármúla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. júní 2022, samþykkt.

40. **Tröllaborgir 14, (fsp) breyta einbýlishúsi í tvíbýli, stækka íbúð og setja svalir** (02.34) Mál nr. SN220229
Skjalnr. 14614
Davíð Rúnar Bjarnason, Tröllaborgir 14, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn Davíðs Rúnars Bjarnasonar dags. 26. apríl 2022 ásamt greinargerð dags. 25. apríl 2022 um að breyta einbýlishúsi á lóð nr. 14 við Tröllaborgir í tvíbýlishús, stækka íbúð 0102 (aukaíbúð) og gera svalir ofan á stækkunina fyrir íbúð 0201, samkvæmt uppdráttum Luigi Bartolozzi dags. 25. febrúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. júní 2022, samþykkt.
41. **Hringbraut 50, (fsp) laufskáli** (01.162.4) Mál nr. SN220256
Skjalnr. 5232
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Grund, Hringbraut 50, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. maí 2022 var lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 4. maí 2022 um að reisa laufskála í suðurgarði lóðarinnar nr. 50 við Hringbraut, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 2. maí 2022. Einnig er lagður fram tölvupóstur Minjastofnunar Íslands dags. 31. janúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. júní 2022, samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:30.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir